



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 11. janúar 2021
RMF15120007
3.2.1

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Áframhaldandi samstarfssamningur við Nýlistasafnið

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs þann 9. nóvember sl. var lagður fram til samþykktar hjálagður samstarfssamningur við Nýlistasafnið 2021-2023.

Samningurinn var samþykktur og er hér með vísað til borgarráðs.

Einnig er hjálagður ársreikningur Nýlistasafnsins fyrir árið 2019 ásamt skýrslu stjórnar.

Arna Schram
Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Samstarfssamningur við Nýlistasafnið 2021-2023
Ársreikningur Nýlistasafnsins 2019
Skýrsla stjórnar Nýlistasafnsins 2019

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og
Nýlistasafnið, kt. 551079-1559 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Nýlistasafnið
á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg, efla vitund almennings um íslenska samtímalist og efla kynningu á henni erlendis með því að styðja við rekstur á framsæknu safni, Nýlistasafninu í Marshallhúsi og í Breiðholti, og starfsemi á þess vegum innan lands og utan.

2. gr. Markmið og starfsemi Nýlistasafnsins

Sérstaða safnsins felst meðal annars í að:

- ✓ vera vettvangur nýrra strauma og tilrauna í samtímamyndlist í 40 ár
- ✓ vera stökkpallur fyrir unga og uppnennandi listamenn
- ✓ búa yfir einstakri og verðmætri safneign sem byggist á gjöfum listamanna og sem geymir dýrmætan sögu samtímamyndlistar á Íslandi, frá 1952 til dagsins í dag
- ✓ varðveita stærsta safn bókverka á Íslandi
- ✓ vera brautryðjandi í því að sýna verk erlendra listamanna á Íslandi og vera leiðandi í kynningu á íslenskri myndlist erlendis
- ✓ halda utan um og skrá sögu listamannarekinna rýma á Íslandi
- ✓ halda utan um og skrá tímatengda list í heimildasafni um gjörninga á Íslandi
- ✓ gefa út rit og bækur sem varpa ljósi á lítt rannsakaða anga listasögunnar
- ✓ greiða listamönnum fasta þóknun fyrir sýningahald

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Nýlistasafninu til í beinum fjárframlögum kr. 17.300.000 á ári 2021, 2022 og 2023.

Greiðsla framlags skiptist þannig árlega:

kr. 1.500.000 1. - 3. janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september og október.
kr. 1.300.000 1. - 3. nóvember.
kr. 1.000.000 1. - 3. desember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 515-14-104606.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2022 og 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Forsaga Nýlistasafnsins og Marshallhúsið

Nýlistasafnið var stofnað árið 1978. Safnið er sjálfseignarstofnun, rekin af samtökum listamanna sem nefnast Fulltrúðaráð Nýlistasafnsins og hefur verið rekið óslitið af starfandi myndlistarmönnum. Safnið er eitt elsta starfandi listamannarekna listasafn í Evrópu. Nýlistasafnið eða Nýló, eins og það oft er kallað, er safn og sýningarstaður, vettvangur uppákoma, umræðna og gjörninga. Það er að auki félagasamtök með verðmæta safneign byggða eingöngu á gjöfum listamanna, félagsmanna og velunnara safnsins. Auk sýninga og viðburða safnar, varðveitir og miðlar Nýlistasafnið heimildum um samtímalistasögu. Safnið er einn mikilvægasti vettvangur samtímalistar á Íslandi og í sífelldum vexti og þróun. Nýlistasafnið er einn af stofnendum og helsti umsjónaraðili Sequences myndlistarhátíðarinnar.

Vorið 2017 hófst starfsemi í Marshallhúsinu. Þar er nú miðstöð sýninga, gjörninga og viðburða Nýlistasafnsins. Safnið heldur áfram úti rannsóknar- og fræðslustarfi í Breiðholti þar sem safneignin sjálf er til húsa, en heimildasöfn safnsins, arkíf um listamannarekin rými og gjörningararkífið hafa verið flutt í Marshallhúsið. Auk markviss sýningarhalds býður Nýlistasafnið upp á fjölbreytta viðburði, leiðsagnir, móttöku skólahópa, upplestra, vídeóverkakvöld, málstofur og aðrar uppákomur. Í Marshallhúsinu er safnbúð þar sem hægt er að kaupa vandaðar bækur og bókverk af verkum eftir fulltrúa safnsins, árituð sýningaplaköt og póstkort.

Þann 18. mars 2017 var Marshallhúsið opnað sem vettvangur fyrir metnaðarfulla og fjölbreytta sýningastarfsemi og aukið faglegt samtal og miðlun á samtíma myndlist. Með veru Kling og Bang og Nýlistasafnsins í Marshallhúsinu eflist vegur listamannarekinna rýma og um leið stuðlar Marshallhúsið að ríkri myndlistarsenu í Reykjavík. Nýlistasafnið tekur um 400m² í húsinu (1/3) og er sýningarrýmið þar af um 240m². Nýlistasafnið er með sérstakan leigusamning við eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Nýlistasafnsins jafnt innanlands sem utan skal koma fram að það sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir félagið merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Samstarf verði við Höfuðborgarstofu um kynningu á Reykjavík þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað. Tengja má þá ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.visitreykjavik.is við vefi safnsins.

6. gr. Ábyrgð

Nýlistasafnið ber ábyrgð á starfsemi safnsins, fagmennsku þess og gæðum. Nýlistasafnið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Nýlistasafninu er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Nýlistasafnið. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í maí ár hvert 2021, 2022 og 2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur Nýlistasafnsins að áherslum þess fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Nýlistasafnið skilar þá árituðum ársreikningi fyrra árs, áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og áætlun um starfsemi komandi árs.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Nýlistasafnið hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til félagið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur hún sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn XXXXXX 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, XXXXXXXX

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Nýlistasafnsins

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

[Sláðu inn hér]



Nýlistasafnið

Ársreikningur 2019

Ókannaður og óendurskoðaður

kt: 551079-1559
Grandagarði 20
101 Reykjavík

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9-10

Skýrsla og undirritun stjórnar

Nýlistasafnið var stofnað á árinu 1978. Núverandi markmið safnsins eru samkvæmt skipulagsskrá sem samþykkt var árið 2013:

- a) vera miðstöð nýrra strauma og tilrauna í myndlist.
- b) efla hugmyndafræðilega umræðu um samtímalist
- c) vera vettvangur fyrir unga myndlistarmenn
- d) gegna almennum skyldum listasafns um söfnun og miðlun
- e) safna og varðveita listaverk eftir velunnara safnsins
- f) styrkja stöðu sína sem helsta samtímalistastofnun landsins

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru gjöld umfram tekjur af rekstri félagsins kr. 671.878. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 2019 kr. 2.897.195 og eigið fé var neikvætt kr. 407.222.

Stjórn Nýlistasafnsins staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. júní 2020

Clare Páugam

ALMAR STEINN ATLASÓN

KRISTÍN HELGA RICHARDSÐÓTTIR

Amanda Katra Ríflo -

Dóra Lindal

Dorothea

Áritun endurskoðanda


Til stjórnar og hluthafa Nýlistasafnsins.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings ársins 2019 fyrir fyrirtækið Nýlistasafnið kt: 551079-1559, Grandagarði 20, 101 Reykjavík. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórn og stjórnendur fyrirtækisins við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess.

Samkvæmt lögum er stjórn ábyrg fyrir gerð reikningsskilanna. Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn eða kannað hann og látum því ekki í ljós álit okkar á honum.

Reykjavík, 8. júní 2020


Sveinbjörn Sveinbjörnsson
löggiltur endurskoðandi



Íslenskir endurskoðendur Bildshöfða slf
Bildshöfða 14, 110 Reykjavík

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur:			
Styrkir og framlög		32.984.506	37.099.664
Aðrar tekjur		3.847.311	4.302.294
		<u>36.831.817</u>	<u>41.401.958</u>
Rekstrargjöld:			
Sýningarkostnaður	6	3.879.451	8.452.632
Laun og tengd gjöld	7	17.634.872	19.599.359
Húsnæðiskostnaður		12.696.672	12.573.757
Annar rekstrarkostnaður		3.218.357	4.361.201
		<u>37.429.352</u>	<u>44.986.949</u>
Rekstrartap án fjármagnsliða og afskrifta		(597.535)	(3.584.991)
Afskriftir		(10.789)	(13.486)
Fjármunatekjur		18.502	163.260
Fjármunagjöld		(82.056)	(27.514)
	8	<u>(63.554)</u>	<u>135.746</u>
Gjöld umfram tekjur ársins		<u><u>(671.878)</u></u>	<u><u>(3.462.731)</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Bifreiðar, innréttingar, tæki og áhöld	6	43.156	53.945
Fastafjármunir		43.156	53.945
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		2.005.715	823.652
Handbært fé		848.324	2.956.220
Veltufjármunir		2.854.039	3.779.872
Eignir samtals		2.897.195	3.833.817

31. desember 2019

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2019	2018
Eigið fé:			
Ójafnað eigið fé	(	407.222)	264.656
Eigið fé 7	(	407.222)	264.656
Skammtímaskuldir:			
Fyrirfram greiddir styrkir	9	0	1.500.000
Skuldir við lánastofnanir		610.227	0
Viðskiptaskuldir		1.250.856	706.737
Aðrar skammtímaskuldir		1.443.334	1.362.424
Skammtímaskuldir		3.304.417	3.569.161
Skuldir samtals		3.304.417	3.569.161
Skuldir og eigið fé samtals			
		2.897.195	3.833.817

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar:			
Tap ársins		(671.878)	(3.462.731)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	10.789	13.486
Veltufé til rekstrar		(661.089)	(3.449.245)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(1.182.063)	537.932
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(264.744)	(622.514)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		(1.446.807)	(84.582)
Handbært fé til rekstrar		(2.107.896)	(3.533.827)
Lækkun á handbæru fé		(2.107.896)	(3.533.827)
Handbært fé í ársbyrjun		2.956.220	6.490.047
Handbært fé í árslok		848.324	2.956.220

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir og aðrar grunnupplýsingar

1. Nýlistasafnið er skráð að Grandagarði 20, 101 Reykjavík og er þar að finna heimilisfesti aðalskrifstofu félagsins.
2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
3. Innlaun tekna af sölu á vörum og þjónustu eru bókaðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda.
4. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags og gengismunur vegna viðskiptanna er færður í rekstrarreikning.
5. Verðtryggðar eignir og skuldir í árslok eru færðar upp miðað við vísitölu í janúarbyrjun 2020. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðast skráðu gengi gjaldmiðla í desember 2019.

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Afskriftir varanlegra fastafjármuna, að fasteignum undanskildum, eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af bókfærðu verði. Varanlegir fastafjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Bifreiðar, innréttingar, áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð 1.1.2019	321.536	321.536
Afskrifað áður	(267.591)	(267.591)
Bókfært verð 1.1.2019	53.945	53.945
Afskrifað á árinu	(10.789)	(10.789)
Bókfært verð 31.12.2019	43.156	43.156
Afskriftahlutföll	20%	

Eigið fé

7. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2019	264.656
Rekstrarniðurstaða ársins	(671.878)
Eigið fé 31.12.2019	(407.222)

Skýringar, frh.:

Skattamál

8. Nýlistasafnið er félag sem starfar að almannaheill og er undanþegið skattskyldu samkvæmt 4. grein laga nr. 90/2003.

Laun og tengd gjöld

9. Heildarlaunaskostnaður safnsins nam kr. 17.634.872 vegna ársins 2019 en nam kr. 19.599.359 vegna ársins 2018. Ólaunuð vinna stjórnar nam 280 vinnustundum á árinu 2019 og ólaunuð yfirvinna starfsmanna nam 320 vinnustundum. Samtals skiluðu 4 starfsmennar og 2 sjálfboðaliðar 1.856 vinnustundum í þágu safnsins á árinu 2019.

Sundurliðanir

	2019	2018
Styrkir og framlög		
Styrkur frá ríki	10.200.000	9.600.000
Stofnstyrkur frá ríki	0	1.000.000
Styrkur frá Reykjavíkurborg	17.300.000	17.300.000
Aðrir styrkir og framlög	1.067.056	7.752.470
Framlög frá velunnurum	1.467.450	980.000
Framlög / styrkir frá Safnasjóði	1.450.000	0
Styrkir frá fyrra ári	1.500.000	1.967.194
Þar af yfirfært til næsta árs	0	(1.500.000)
	32.984.506	37.099.664
Aðrar rekstrartekjur		
Safnbúð	76.815	1.134.817
Tekjur vegna listaverkalána, salar og tækja	100.000	1.414.000
Félagsgjöld	1.421.463	1.368.050
Leiðsögn	0	195.000
Annað	2.249.033	190.427
	3.847.311	4.302.294
Sýningakostnaður		
Aðkeypt vinna vegna sýninga og verkefna	941.750	2.952.578
Þóknun listamanna	556.284	1.611.277
Kostnaður vegna safneignar og heimildasafna	272.283	294.940
Efniskostnaður vegna sýninga og verkefna	447.077	1.539.317
Ferða- og gistikostnaður listamanna	350.657	0
Tækjaleiga	40.372	113.621
Annar kostnaður vegna sýninga	1.271.028	1.940.899
	3.879.451	8.452.632
Laun og tengd gjöld		
Laun	13.749.102	15.765.507
Tryggingagjald	1.062.655	1.237.166
Lífeyrissjóður	1.781.676	1.989.159
Sjúkra- og orlofssjóður	305.010	261.845
Bíðastyrkur	570.000	324.680
Annar starfsmannakostnaður	166.429	21.002
	17.634.872	19.599.359

Sundurliðanir, frh.:

Húsnæðiskostnaður

Húsaleiga	10.719.994	10.297.306
Rafmagn	81.750	125.788
Hiti	101.960	177.143
Rekstur sameignar	1.035.000	1.179.950
Öryggisgæsla	383.840	356.268
Kalt vatn	14.588	19.360
Tryggingar	329.327	303.602
Viðhald húsnæðis	30.213	417.942
	<u>12.696.672</u>	<u>12.877.359</u>

Annar rekstrarkostnaður

Sími og internet	532.270	613.847
Burðargjöld	9.753	4.965
Pappír, prentun og ritföng	142.698	82.363
Rekstur tölvukerfis	132.056	134.521
Reikningshaldsleg þjónusta	720.440	744.775
Flutningur í Marshall hús	0	74.491
Aðkeypt þjónusta	516.600	118.350
Gjaldfærð bókakaup	222.353	0
Funda og viðskiptakostnaður	75.787	199.836
Risna	26.763	0
Auglýsingar	0	176.005
Þjónustugjöld, seðilgjöld oþh	77.628	100.233
Ræstinga- og hreinlætisvörur	29.233	11.516
Sorphirða	29.274	49.180
Aðkeyptur akstur sendi- og leigubifreiða	91.550	0
Kostnaður við velunnaraverkefni	0	196.422
Viðhald bifreiða	0	479.842
Gjaldfærð tæki og áhöld	24.680	0
Kaffikostnaður	72.173	56.674
Námskeiðsgjöld og ráðstefnur	282.506	0
Félagsgjöld	119.817	33.500
Afskrifaðar tapaðar kröfur	0	355.479
Leyfisgjöld og Sarpur	112.776	419.350
Annar kostnaður	0	206.250
	<u>3.218.357</u>	<u>4.057.599</u>

Aðrar skammtímaskuldir:

Ógreidd laun	0	825.633
Ógreiddur lífeyrissjóður	669.828	229.945
Ógreidd staðgreiðsla	773.506	306.846
	<u>1.443.334</u>	<u>1.362.424</u>

Skýrsla stjórnar vegna ársins 2019

Skýrsla lesin á aðalfundi Nýlistasafnsins

15. júní 2020, Marshallhúsinu, Grandagarði 20, 101 Reykjavík.

Innri starfsemi

Fastir starfsmenn á tímabilinu, 2,35 -> 2,6 ársverk

- Dorothée Kirch, formaður og safnstjóri í 70% starfshlutfalli.
- Kolbrún Ýr Einarsdóttir, framkvæmdastjóri í 70% starfshlutfalli.
- Birkir Karlsson, safneignafulltrúi í 70% starfshlutfalli.
- Sunna Ástþórsdóttir verkefnastjóri fór úr 25% starfshlutfall í 50% starfshlutfall í september.

Aðalstjórn 2019–2021

Anna Líndal varaformaður, Amanda Rizzo gjaldkeri, Claire Paugam ritari, Kristín Rúnarsdóttir meðstjórnandi, Dorothée Kirch formaður stjórnar 2019–2020.

Varastjórn 2019–2020

Auður Lóa Guðnadóttir, Kristín Helga Ríkharðsdóttir, Almar Atlason.

Fyrir utan hefðbundna stjórnarsetu hefur stjórn Nýló verið skrifstofunni til halds og trausts í uppsetningu sýninga og öllum viðburðum.

Aðrir starfsmenn og samstarfsfélagar

- Grafísk hönnun: Stúdíó Stúdíó (Arnar Freyr Guðmundsson & Birna Geirfinnsdóttir)
- Bókhald og endurskoðun: Íslenskir endurskoðendur.

- Ljósmyndun sýninga: Vigfús Birgisson.
- Yfirseta á fimmtudagskvöldum og um helgar. Fyrripart árs greiddum við fyrir þessa yfirsetu og sáu um hana: Karólína Ósk Þórisdóttir, Hildur Elísa Jónsdóttir, Claire Paugam og Daría Sól Andrews. Um mitt sumar var ljóst að ekki væri til fjármagn til að greiða fyrir þessa yfirsetu sérstaklega og færðist hún þá yfir á starfsmenn skrifstofu sem skiptu helgum og fimmtudagskvöldum á milli sín. Í staðin var reynt að koma til móts við starfsmenn eftir fremsta megni með auka frídögum í stað helgaryfirsetu daga. Þá sáu starfsnemar og sjálfboðaliðar einnig um yfirsetu þegar því var við komið.
- Starfsnemar ársins 2019:
Gabriella Szabó (HU), Teresa Masini (IT), Desiree Tamara (DE), Maria Walström (SE)
- Sjálfboðaliðar ársins 2019:
Lina Batov (FR) - vann mikið og vel í Gjörningaarkífinu og fær miklar þakkir fyrir, Andrea Volpi(IT) kom sterkur inn í uppsetningar og aðstoðaði við yfirsetu, María Hrönn Gunnarsdóttir aðstoðaði okkur við yfirsetu (IS)

Safneignin, Nýlistasafnið í Breiðholti

Nýlistasafnið heldur áfram varðveislurými sínu í Breiðholti með safneignargeymslur, rannsóknaraðstöðu og lítið verkefnarými. Það hefur engin fastur opnunartími verið í Völvufelli. Útbúin var sérstök aðstaða fyrir rannsóknir upp úr heimildarsöfnum. Safneignarfulltrúi hefur unnið eftir getu í um það bil tvo daga í viku í Völvufelli.

Leigusamninginn við Reykjavíkurborg um Völvufell til næstu fimm ára var endurnýjaður á árinu. Borgin hefur leigt helminginn af rýminu á móti safninu síðan sumarið 2014. Á síðasta ári lagði borgin kaup á öllu húsi í Völvufelli. Nemendagallerí Listaháskólans, RÝMD hefur áfram verið staðsett á efri hæð hússins og “Stelpur Rokka” eru nýjir nágrannar okkar sem er afar ánægjulegt.

Fræðimannaheimsóknir

Adam Buffington, arkíf um listamannarekin rými

Birta Guðjónsdóttir, rannsókn á verkum Bjarna H. Þórarinssonar

Halldór Sanchez, rannsókn á bókverkum

Erik Herkrath, rannsókn á verkum Dieter Roth

Ida Brottman Hansen (gjörningaarkíf)

Jue Yang, arkíf um listamannarekin rými

Lísa Björg Attensperger, rannsókn á listamannareknum rýmum, gerði útvarpsþátt

Anna Rigamonti & Sara Koller (gjörningaarkíf)

Michelle Saenz, gjörningararkíf

Zsóka Leposa, arkíf um listamannarekin rými og tengsl ungverskra listamanna við íslenskan listheim

Útlán úr safneign

Hafnarborg – Verkið *Cellophony* eftir Jón Gunnar Árnason fyrir sýninguna „Hljóðönn“ sem opnaði 26. janúar 2019

Skaftfell – á annan tug bókverka eftir Dieter Roth fyrir sýninguna: „Cheryl Donegan & Dieter Roth“ sem opnaði 17. júní 2019.

Gerðarsafn – Verkið *Intuition* eftir Joseph Beuys fyrir sýninguna „Fullt af litlu fólki“ sem opnaði 19. september 2019.

Listasafn Reykjavíkur – *Bestu stykkinn, Berdreyminn, Næmur, Í minningu Írafellsmóra, Mob Shop Dummy, Bók um bók og fleira* eftir Magnús Pálsson fyrir sýninguna EITTHVAÐ úr ENGU: Myndheimur Magnúsar Pálssonar sem opnaði 26. September 2019.

Forvarsla

Verk Rúríar *Desolation* innrömmuð fyrir safneignarsýninguna *Nokkur uppáhalds verk*.

Smíði á kassa fyrir *Blómið* eftir Jón Gunnar Árnason lokið. Verkið mun fara á sýningu í Hafnarborg undir sýningarstjórn Becky Forsythe haustið 2020.

Í samráði við Evu Ísleifsdóttur var verkið *Pushing Time* málað upp á nýtt fyrir sýninguna ... og hvað svo?

Heimildasöfn

Gjörningararkífið allt skráð á sarpur.is og gert aðgengilegt á heimasíðu safnsins.

Arkíf um listamannarekin rými fært upp í Breiðholt og aðstaða fyrir fræðimenn búin til í kringum það.

Ný aðföng

Auður Lóa og Starkaður, *La chair du monde*, 2018, skúlpúr.

Eygló Harðardóttir – *Annað rými*, 2018, bókverk.

Kristín Helga Ríkharðsdóttir – *OBBSIDIAN Deluxe*, 2018, skúlpúr.

Rúna Þorkelsdóttir, *Attempt to help the birds nestmaking*, 1979, texta/ljósmyndaverk

Rúrí ásamt sjö erlendum listamönnum – *Faculty of Action*, 2018, bókverk. Diana

Agunbiade-Kolawole (SWE/UK), Jessie Kleemann (GR), Harold Offeh (UK), Katarina Pirak-Sikku (Sápmi), Florence Peake & Eve Stainton (UK), Malin Ståhl (SWE), Anita Wernström (SWE).

Unnar Örn Auðarson – *Daufur skuggi*, 2015, textíll.

YST (Ingunn St. Svavarsdóttir) *Til hennar*, 2012, bókverk

Safnfræðsla og leiðsagnir

Tekið hefur verið á móti svipuðum fjölda skólahópa og í fyrra og fær safnið reglulega nemendahópa frá öllum mögulegu menntastigum í heimsókn. Starfsmenn skipta með sér leiðsögnum um yfirstandandi sýningar, ásamt því að fræða gesti um sögu safnsins, safneignina og heimildarsöfnin.

Leiðsagnir um húsið fyrir sérhópa halda einnig áfram í svipuðum fjölda og árið áður. 2019 hafa starfsmenn safnsins tekið á móti annarsvegar 17 skólahópum í Marshallhúsinu og hinsvegar á móti 10 hópum frá fyrirtækjum og öðrum einkaaðilum.

Okkur telst að gestafjöldi ársins sé um 11.200 manns, þar af um 200 börn.

Samstarf

Nýlistasafnið, Kling og Bang, ið fyrir hönd Stúdíó Ólafs Elíassonar og Leifur Kolbeinsson fyrir hönd veitingastaðarins La Primavera mynda saman rekstrarfélag um Marshallhúsið. Félagið hittist reglulega og ræðir öll þau mál sem að tengjast húsinu og taka ákvarðanir um framhaldið.

Nýlistasafnið heldur áfram samstarfi sínu við lögfræðistofu Ragnars Aðalsteinssonar, Réttur ehf. við Klapparstíg. Um er að ræða samkomulag og vinnuskipti en Nýló setur árlega upp nýja sýningu með verkum úr safneign inn á sameiginleg rými stofunnar. Í staðinn aðstoða lögfræðingar Réttar með samninga og ýmis mál sem koma upp á safninu.

Starfsmenn safnsins halda áfram að taka reglulega á móti BA og MA nemendum í myndlist og listfræði við LHÍ og HÍ, og Myndlistarskólanum í Reykjavík.

Nýló og LHÍ gerðu með sér samkomulag um að Nýló muni hýsa útskriftarsýningu MA nema úr myndlistardeild 2019-2021, það samstarf gengur vel.

Nýlóló tekur á móti starfsnemum LHÍ í gegnum Edda Norden prógramið, Tveir starfsnemar sem áttu að mæta 2019 er frestað til ársins 2020.

Safnið heldur áfram að vinna með Kvíkmyndasafni Íslands varðandi varðveislu á vídeóverkum safnsins og með Borgarskjalasafninu að skráningu og varðveislu heimildasafns Nýlistasafnsins, en þar má m.a. finna bréfasafn Nýlistasafnsins, sýningarboð og aðrar pappírsheimildir.

Sunna Ástþórsdóttir fór fyrir hönd Nýlistasafnsins til Dublinar í október á málþingið *Intentional Communities* á vegum Pallas Projects. Þar hittust fulltrúar frá Nýlóló, Pallas Project í Dublin, Triangle Asterides í Marseille, Frakklandi og HDLU samtök myndlistarmanna í Zagreb að ræða mögulegt evrópusamstarf um listamannarekin frumkvæði.

Fjármálasamningar við ríki og borg

Nýlistasafnið er með þriggja ára samstarfssamning við Reykjavíkurborg sem gildir frá 2018 til 2020 og er upp á 17.3 milljónir á ári.

Framlag Mennta og menningarmálaráðuneytisins var 10.000.000 árið 2019 en hækkar í 11.500.000 frá 2020.

Eigin innkoma

Nýlistasafnið er sjálfseignarstofnun og ber því ábyrgð á eigin rekstri. Hlutverk stjórnar sem og skrifstofu er því meðal annars að finna skapandi leiðir til að efla fjárhag.

Fjáröflun á síðasta ári var gerð í gegnum styrkumsóknir, útleigu á rými, sölu á bókum, plakötum og fjölfeldum ásamt frjálsum framlögum gesta.

Samtals náðist að safna **8.031.817 kr** þar sem helstu hlutar eru:

- Safnasjóður: 1.450.000 kr - illa gekk að fá inn styrki árið 2019, hefur ekki gengið svona illa í mörg ár.

- Myndlistarsjóður: 800.000 kr
- Styrkur frá 2018 færður til ársins 2019: 1.500.000 kr
- Vinir Nýló: 1.467.450 kr - við fengum nýja velunnarar og seldum einnig eldri velunnara verk
- Útleiga á rými: 100.000 kr
- Donations kassi: 221.191 kr
- Félagsgjöld: 1.421.463 kr
- Safnbúð: Tekjur Safnbúðar eftir uppgjör voru um 300.000 kr
- Aðrar tekjur voru t.d. Ljósabasar - 703.404 kr var hlutur Nýló eftir uppgjör við listamenn, heildartekjur voru 1.806.500 kr
- Tekjur af Nýársparty koma inn á árið 2020 en gaman að segja að partyið heppnaðist vel og skilaði um 750.000 kr til Nýló sem kemur Nýló vel að notum árið 2020.

Eins og tekið var fram á ársfundi 2017 var kominn tími á að nýta peninginn frá fjáröflun safnsins árið 2014 í flutning, frágang og standsetningu rými safnsins í nýju húsnæði og bæta aðstöðu safneignar í Breiðholti eins og hægt væri. Sá peningur er nú búinn og huga þarf að frekari fjáröflun fyrir safnið, hvort sem það er öflugri ljósabasar eða annað uppboð. Þessir peningar gefa safninu jákvætt eigið fé sem er mikilvægt að hafa.

Helstu styrktaraðilar safnsins eru Slippfélagið sem útvega safninu málningu og efni fyrir 350.000 á ári. Eins og er hefur safnið keypt bjór af Kalda sem gefur einn kassa á móti hverjum kassa sem að safnið hefur keypt.

Himbrimi gin styrkti árshátíð okkar veglega og þökkum við kærlega fyrir það.

Ytri starfsemi

Sýningar

- *Cryptopia One: A Beginning Is A Very Delicate Time*, Kolbeinn Hugi Höskuldsson
ÞRJÚÞÚSUND OG NÍU ÁR, Bjarki Bragason, 17.01.2019 - 03.03.2019
- *Allt fínt*, Arna Óttarsdóttir. 14.03.2019 - 28.04.2019
- *Mjúk lending*, útskriftarsýning MA nemanda LH. 4.05 – 26.05 2019
Listamenn sem áttu verk á sýningunni voru: Katrina Jane Perry, Kimi Taylor, Kirill Lorech, María Hrönn Gunnarsdóttir, Margrét Helga Sesseljudóttir, Pier Yves Larouche, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Sihan Yang. Sýningarstjóri: Becky Forsythe
- *Og hvað svo...*, í sýningarstjórn Sunnu Ástþórsdóttur. 13.06.19 - 04.08.19
Listamenn sem áttu verk á sýningunni voru: Andreas Brunner, Eva Ísleifs, Freyja Eilíf, Fritz Hendrik IV, Huginn Þór Arason, Libia Castro & Ólafur Ólafsson, Rebecca Erin Moran, Rúna Þorkelsdóttir, Steinunn Gunnlaugsdóttir, Thorvaldur Thorsteinsson, Þórður Ben Sveinsson.
- *Resonances of a dynamic absence*, Karl Ómarsson. 16.08.-29.09.2019. Sýning sem valin var úr open call til fulltrúa árið áður.
- *Sequences IX – Really, Exhibition b)*. 12.10.2019–24.11.2019
Listamenn sem áttu verk á sýningunni voru Guðný Guðmundsdóttir, Kristinn G. Harðarsson, Arna Ýr Jónsdóttir, Karlotta Blöndal, Amanda Rizzo, Margrét H. Sesseljudóttir, Miruna Dragan, Davíð Örn Halldórsson, Anna Þorvaldsdóttir.
- *Ljósabasar*, söluviðburður til fjáröflunar, 1.12.2019 - 22.12.2020
Þátttakan var opin fyrir fulltrúa Nýlistasafnsins og tóku 56 fulltrúar þátt í sýningunni.
- Auglýst var eftir tillögum um haustsýningu 2020 og var þríeykið Ragnheiður Gestsdóttir, Sigrún Hrólfsdóttir og Sindri Leifsson valin til að sýna saman.
(sýningin frestast til janúar 2021 vegna Covid 19) .

Viðburðir

- 40 ára Afmælispartý Nýlistasafnsins í janúar 2019
- Leiðsögn Kolbeins Huga og Bjarka Bragasonar um sýningu þeirra, 24. janúar
- Safnanótt 2019: Leiðsögn Berglindar Jónu Hlynisdóttur um sýningu Bjarka Bragasonar um sýningu hans 8. febrúar
- Listamannaspjall með Bjarka Bragasyni og Sunnu Ástþórsdóttur 3. mars
- Listamannaspjall með Rebeccu Erin Moran (... og hvað svo?) 26. júní
- ... og hvað svo? Leiðsögn sýningarstjóra (Sunnun Ástþórsdóttur) 7. júlí
- ... og hvað svo? Leiðsögn á ensku (Desiree Tamara) 18. Júlí
- ... og hvað svo? Listamannaspjall með Libiu Castro og Ólafi Ólafssyni 1. ágúst
- Vinalistamaður ársins 2019, Arna Óttarsdóttir, kynnir verk sitt fyrir velunnurum 5. desember
- Lestrarfélag Nýlistasafnsins var stofnað 2018 að frumkvæði Önnu Líndal, stjórnarmeðlims. Árið 2019 stóð félagið fyrir 8 lestrarkvöldum en í hvert skipti var einn eða fleiri aðilar úr íslensku myndlistarlífi fengnir til að velja grein og stýra umræðum.
- Auk ýmissa viðburða sem tengdust sýningunum, gjörningar, listamannaspjall, sýningastjóraspjall, o.s.fr.

Horft til 2020

Nú þegar fyrsti helmingur 2020 er liðin með þeim hremmingum sem árið hefur haft í för mér sér er óhætt að segja að við munum reyna að klára árið með stæl og vonum að óvissupáttum vegna Covid 19 muni fara minnkandi.

Við höfum þurft að endurraða sýningarprógrammi okkar og munu tvær sýningar frestast til ársins 2021. Þær eru: Sýning Katie Paterson sem halda átti á Listahátíð Reykjavíkur og sýning þremmenninganna Sindra Leifssonar, Sigrúnar Hrólfsdóttur og Ragnheiðar Gestsdóttur.

Sýningarnar árið 2020, eins og árið lítur út núna:

- *Some Favourites*, Douwe Jan Bakker, G.Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir, Mihael Milunović, Rúrí. Sýningarstjóri: Birkir Karlsson. 10.01.2020 – 23.02.2020
- *Erling T.V. Klingenberg*, Erling Klingenberg. 14.03.2020 – 26.06.2020
(covid-lokun 23.03.2020 - 04.05.2020)
- Ný aðföng (miðan júlí - 02.08.2020).
- Ásta Ólafsdóttir (20.08.2020 - 04.10.2020)
- MA sýning myndlistarnemar LHÍ (10.10.20-22.11.20)
- Ljósabasar (01.12.2020 - 20.12.2020)

Viðburðir 2020:

Nýárpartí Nýló

Safnanótt 2020

Lestrarfélagið hefur hisst á um tveggja vikna fresti, og tekur aftur upp þráðinn í ágúst

Nýir fulltrúar 2019:

Sophie Durand

Þrándur Þórarinnsson

Ásdís Sif Gunnarsdóttir

Dagrún Aðalsteinsdóttir

Þorbjörg Jónsdóttir

Lee Lorenzo Lynch

Andreas Brunner

Arnar Ásgeirsson

Daníel Ágúst Ágústsson

Hallgerður Hauksdóttir

Kristína Aðalsteinsdóttir

Guðlaug Mía Eypórsdóttir

Sigurður Atli Sigurðsson

Baldur Geir Bragason

Steinn Helgi Magnússon

Guðrún Nielsen

Sara Björg Bjarnadóttir

Laufey Arna Arnalds Johansen

Sunneva Ása Weissappel

Kristín Þorláksdóttir
Carissa Baktay
Richard Muller
Erla S. Haraldsson
Nanna María Björk Snorradóttir
Elín Helena Evertsdóttir
Katrína Mogensen
Sigrún Hlín Sigurðardóttir
Ragnheiður Maísól
Ívar Valgarðsson
Wioleta Anna Ujazdowska

Dorothee Kirch, formaður stjórnar